

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 28. maí**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 7. maí
Fundargerð leikskólaráðs frá 19. maí
Fundargerð mannréttindaráðs frá 28. maí
Fundargerð menntaráðs frá 26. maí
Fundargerð skipulagsráðs frá 19. maí
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 27. apríl og 11. maí
Fundargerðir velferðarráðs frá 12. og 26. maí

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kveð mér hér hljóðs undir fundargerð velferðarráðs frá 26. maí en mig langar að vekja athygli á samþykkt, eða tillögu sem samþykkt var í ráðinu, og er bara svo jákvæð fyrir samfélagið og fyrir þróunina hér í málefnum fatlaðra að mig langar að lesa tillöguna með leyfi forseta:

Velferðarsvið leggur til að lagt verði af stað með tilraunaverkefni um þjónustu við íbúa á Sléttuvegi 3, 7 og 9.

Sem er í rauninni ... tillagan kemur í framhaldi af samþykkt velferðarráðs frá 24. mars sl. þar sem velferðarráð hafði falið velferðarsviði útfærslu á slíku verkefni.

Lagt er til að velferðarsvið gangi til samninga við SSR [sem er Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra í Reykjavík] um að þjónusta við íbúa á Sléttuvegi verði á einni hendi undir stjórn velferðarsviðs, Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og að íbúar hafi val um hefðbundna þjónustu eða einstaklingsbundna samninga um félagslega heimþjónustu, liðveislu og frekari liðveislu. Samningar byggist á núverandi þjónustumati og núverandi fjármagni til þjónustunnar. Verkefnið hefst 1. júlí nk. og standi í allt að 12 mánuði. Lagt verði mat á reynsluna af verkefninu að liðnum sex mánuðum og aftur í lok verkefnis og Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis verði falið að vinna verkefninu stað innan fjárhagsramma í samráði við sviðsstjóra og fjármálastjóra velferðarsviðs.

Með þessu fylgdi auðvitað löng og mikil greinargerð en stóra og kannski mikilvægasta atriðið í þessu öllu saman er að þarna er farið í tilraunaverkefni um þessa einstaklingsbundnu samninga þar sem að fæst reynsla, mikilvæg reynsla, á því hvernig hægt er að vinna svona í anda þess að fara í notendastýrða þjónustu sem er svo sannarlega ákall þjónustuþeganna um að þeir geti haft tilboð um slíkt.

Nú, mig langaði bara að vekja athygli borgarstjórnar á þessu tilraunaverkefni sem ákveðið hefur verið að fara í og er nú unnið að. Ég veit að þetta er mikið framfaraskref fyrir íbúana sem þarna búa og ekki síður fyrir þá sem þurfa mikla þjónustu, þurfa margþætta þjónustu, einstaklinga sem eru háðir því að þeir fái

Bstj. 1. júní 2010

Þjónustu í sínu daglega lífi til þess að geta tekið þátt í samfélaginu og þetta er stórt og mikið skref sem þarna var stigið.

En að lokum vil ég þakka borgarfulltrúum Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, Óskari Bergssyni og Ólafi F. Magnússyni fyrir samstarfið hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. Ég er ekki farin alveg en er auðvitað að víkja sem borgarfulltrúi en verð hér áfram varaborgarfulltrúi og mun halda áfram að láta gott af mér leiða fyrir borgarbúa á þessu kjörtímabili. Takk.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 28. maí**
Fundargerð íþróttá- og tómsundaráðs frá 7. maí
Fundargerð leikskólaráðs frá 19. maí
Fundargerð mannréttindaráðs frá 28. maí
Fundargerð menntaráðs frá 26. maí
Fundargerð skipulagsráðs frá 19. maí
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 27. apríl og 11. maí
Fundargerðir velferðarráðs frá 12. og 26. maí

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að fara hér aðeins á svig við fundarsköp og fá að þakka hér þeim fráfarandi borgarfulltrúum sem nú eru að víkja af vettvangi fyrir góða samvinnu á kjörtímabilinu. Við höfum gengið í gegnum súrt og sætt saman, ég og borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Óskar Bergsson og borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Allir hafa þeir verið af miklum hugsjónum í sínum störfum fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur á undanförunum árum og ég vil þakka þeim fyrir þeirra framlag í þágu borgarinnar. Þakka þeim fyrir margt sem ég hef lært af þeim öllum og óska þeim velfarnaðar í störfum í framtíðinni.

Þess utan vil ég ... Ég ætla ekki ... Hér er verið að benda mér á að það séu fleiri borgarfulltrúar að hætta en það eru borgarfulltrúar sem verða áfram varaborgarfulltrúar og ég geri ráð fyrir að þeir muni halda áfram á vettvangi borgarinnar. Er borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir að víkja sem borgarfulltrúi líka? Svo ég spyrji bara hér? Já? Þá vil ég nú bara taka það sérstaklega fram að ég hef átt einstaklega gott samstarf við borgarfulltrúa Sigrúnu Elsu Smáradóttur á þessu kjörtímabili og vil þakka henni fyrir allt það góða sem hún hefur gert, bæði með mér og í samstarfi við okkur öll en við eigum sjálfsagt eftir að eiga gott samstarf áfram. Takk fyrir þetta, kæra samstarfsfólk.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu og við auðvitað þökkum vel fyrir góðar óskir til okkar sem erum að hverfa af vettvangi eins og sagt er. En næst tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 28. maí**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 7. maí
Fundargerð leikskólaráðs frá 19. maí
Fundargerð mannréttindaráðs frá 28. maí
Fundargerð menntaráðs frá 26. maí
Fundargerð skipulagsráðs frá 19. maí
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 27. apríl og 11. maí
Fundargerðir velferðarráðs frá 12. og 26. maí

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að óska borgarfulltrúa Jórunni Frímansdóttur til hamingju með það að hafa náð, núna í lok þessa kjörtímabils, að koma því á, þessu tilraunaverkefni um einstaklingsbundna, notendastýrða aðstoð á Sléttuvegi 3, 5 og 7. Þetta er mál sem hefur verið mikil og góð samstaða um innan velferðarráðs en það þurfti átak til þess að klára þetta á þessu kjörtímabili og ég óska Jórunni Frímansdóttur hjartanlega til hamingju með að það hafi tekist og hún hefur sýnt mikinn hug og vilja til þess að klára þetta mál. Þetta er vonandi kannski bara byrjunin á því að Reykjavíkurborg reyni á nýjan hátt að mæta þörfum þeirra íbúa sem búa við einhverskonar fötlun nú í aðdraganda þess að við tökum málaflokkinn yfir og mig langaði bara til þess að ítreka það sem Jórunn var að segja hér við alla borgarstjórn að það er full ástæða til þess að borgarstjórn sé mjög meðvituð um þessa ákvörðun sem velferðarráð tók í síðustu viku.

Þá geri ég, eins og aðrir borgarfulltrúar sem hér hafa talað, að þakka þeim borgarfulltrúum sem eru að hverfa af vettvangi, fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf og geri það kannski bara betur á öðrum vettvangi þar sem ég fæ að kyssa þá og knúsa. Takk.

Forseti: Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki ... Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 28. maí**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 7. maí
Fundargerð leikskólaráðs frá 19. maí
Fundargerð mannréttindaráðs frá 28. maí
Fundargerð menntaráðs frá 26. maí
Fundargerð skipulagsráðs frá 19. maí
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 27. apríl og 11. maí
Fundargerðir velferðarráðs frá 12. og 26. maí

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil kveðja mér örstutt hljóðs vegna þeirra aðila sem nú hverfa héðan af vettvangi. Hefð samkvæmt væri það forseti sem myndi fara örstutt yfir það en forseti borgarstjórnar, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, er sjálfur að kveðja og auðvitað, eins og borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir nefndi áðan, þá gerum við það með einhverjum hætti síðar en ég vildi samt láta þess getið og fara örstutt yfir það með hvaða hætti þessir aðilar sem nú hverfa af þessum vettvangi hér hafa komið að málefnum borgarinnar og ef ég byrja þá á því að flytja alveg örugglega góðar kveðjur frá allri borgarstjórn til þessara borgarfulltrúa og einnig góðar kveðjur frá starfsfólki borgarinnar og þeim sem þessir aðilar hafa hvað helst unnið með. Allir þessir aðilar hafa sett mikinn svip á borgarstjórn, þrátt fyrir að hafa verið í mislangan tíma á þessum vettvangi og þeirra verður allra saknað af þessum vettvangi þrátt fyrir að sumir þeirra haldi auðvitað áfram hér með einhverjum hætti, en þá verða aðrir sem hverfa af þessum vettvangi.

Mig langar til þess að byrja á því að nefna Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsson, núverandi forseta borgarstjórnar. Vilhjálmur var kjörinn í Borgarstjórn Reykjavíkur árið 1982, þannig að það er orðinn ansi langur tími. Hann var í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 1986-2006. Þar af var hann formaður Sambandsins frá 1990-2006. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur gegnt mjög mörgum embættum hér á vettvangi borgarstjórnar, hann var borgarstjóri á árunum 2006-2007. Hann var formaður borgarráðs 24. janúar til 21. ágúst 2008 og hann tók við embætti forseta borgarstjórnar 21. ágúst 2008. Vilhjálmur var oddviti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 2003-2008 og hefur sem slíkur haft mikil áhrif á borgarmálaumræðuna í þennan langa tíma og mikil áhrif hér á þessum vettvangi og honum eru færðar innilegar þakkir fyrir öll sín miklu störf í þágu borgarbúa og Reykjavíkur.

Óskar Bergsson hverfur einnig hér af vettvangi. Óskar Bergsson varð varaborgarfulltrúi fyrir Framsóknarflokkinn árið 1998. Hann var formaður bygginganefndar Reykjavíkur 1998-2000 og varaformaður skipulags- og bygginganefndar 2000-2002. Hann var formaður framkvæmda- og eignaráðs Reykjavíkur frá 2006. Hann hefur verið borgarfulltrúi hér á þessum vettvangi frá því í janúar 2008 og var formaður borgarráðs frá ágúst 2008 og hefur komið að mjög mörgum verkefnum hér. Ég vil einnig færa honum innilegar þakkir fyrir góð störf í þágu Reykjavíkur og Reykvíkinga og fyrir óbilandi baráttu sína fyrir ýmsum góðum málum hér og honum fylgja einnig góðar óskir frá borgarstjórn og starfsfólki Reykjavíkurborgar.

Svo er það Þorleifur Gunnlaugsson, sem hverfur af þessum vettvangi sem aðalborgarfulltrúi, en situr hér að sjálfsögðu áfram sem varaborgarfulltrúi. Hann varð varaborgarfulltrúi árið 2006 en aðalfulltrúi haustið 2007. Þorleifur hefur setið í borgarráði og stjórn Orkuveitunnar. Hann hefur komið víða við innan borgarkerfisins, hann hefur setið í forsætisnefnd, stjórnkerfisnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, var þar formaður í 100 daga meirihlutanum, íþrótt- og tómstundaráði og Faxaflóahöfnum, hjúkrunarheimilunum Eir og Skógarbæjar, Gagnaveitu Reykjavíkur og svo framvegis. Þorleifur Gunnlaugsson er núverandi varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og hefur verið öflugur talsmaður þeirra sjónarmiða sem hans flokkur berst fyrir á þessum vettvangi og verið oddviti Vinstri grænna að hluta til á síðasta kjörtímabili og líkt og þeim sem nefndir voru áður eru honum færðar innilegar þakkir fyrir góð störf í þágu Reykjavíkur og Reykvíkinga, sem auðvitað munu halda áfram með setu hans sem varaborgarfulltrúi.

Sigrún Elsa Smáradóttir hefur verið borgarfulltrúi Samfylkingarinnar frá 19. júní 2007, þegar hún tók sæti Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Sigrún Elsa var þá þrátt fyrir það enginn nýgræðingur á sviði borgarstjórnar en hún hafði starfað á vettvangi borgarstjórnar frá árinu 1998 sem varaborgarfulltrúi. Hún hefur um árabil setið í leikskóla- og menntaráði og var formaður leikskólaráðs 2007-2008 í borgarstjóratíð Dags B. Eggertssonar. Sigrún Elsa hefur setið í framkvæmda- og eignaráði, sem varamaður í borgarráði, í umhverfis- og heilbrigðisnefnd, stjórn Faxaflóa og hverfisráði Háaleitis svo fátt eitt sé nefnt. Hún hefur einnig starfað

mjög ötullega og kröftuglega í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fyrir öll þessi góðu störf eru Sigrúnu Elsu Smáradóttur færðar innilegar þakkir með ósk um góða velgengni á nýjum vettvangi.

Jórunn Frímannsdóttir Jensen hættir hér einnig sem borgarfulltrúi en mun áfram gegna störfum sem varaborgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hún varð borgarfulltrúi árið 2006 og hún hefur starfað allan þann tíma, fyrir utan 100 daga, sem formaður velferðarráðs. Hún hefur einnig verið í stjórn Strætó, hún hefur verið í stjórnkerfisnefnd, hún hefur setið í framkvæmda- og eignaráði, stjórn Faxaflóahafna, fulltrúaráði Eirar og stýrihópi um búsetuúrræði eldri borgara. Hún hefur verið varamaður í borgarráði, varamaður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og í ýmsum öðrum verkefnum. Jórunni Frímannsdóttur Jensen eru færðar innilegar þakkir, Jórunni Ósk, fyrir frábær störf í þágu Reykjavíkur og Reykvíkinga og við óskum henni velgengni á nýjum vettvangi og treystum því að hún haldi áfram að láta þessi brýnu mál sig miklu skipta eins og hún hefur gert.

Ólafur Friðrik Magnússon, betur þekktur hér sem Ólafur F. Magnússon á þessum vettvangi, hann hverfur nú úr borgarstjórn eftir 20 ár. Ólafur F. Magnússon settist fyrst í borgarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn sem varaborgarfulltrúi árið 1990 og sat til ársins 1998 og frá árinu 1998 sem borgarfulltrúi. Hann sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum 20. desember 2001 og sat þá sem óháður borgarfulltrúi til loka kjörtímabilsins vorið 2002. Í framhaldinu var hann endurkjörinn borgarfulltrúi af F-lista frjálslyndra og óháðra og hefur setið í borgarstjórn fyrir F-listann síðan. Ólafur var kjörin forseti borgarstjórnar 4. desember 2007 og átti jafnframt sæti í borgarráði þar til hann varð borgarstjóri en hann gegndi því embætti frá 24. janúar til 21. ágúst 2008. Hann hefur einnig setið í mörgum nefndum og ráðum fyrir Reykjavíkurborg og líkt og öðrum færir borgarstjórn og starfsfólk Reykjavíkurborgar Ólafi F. Magnússyni þakkir fyrir störf hans í þágu Reykjavíkur og borgarbúa og við óskum honum velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni.

Ég vildi nota þetta tækifæri, forseti, til þess að færa öllum þessum borgarfulltrúum góðar kveðjur, góðar óskir á nýjum vettvangi og innilegar ítreka ég þakkir okkar allra til þeirra allra fyrir góð störf í þágu Reykjavíkur.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og ég vil fyrir mína hönd og hönd annarra þakka borgarstjóra hlý orð í okkar garð og ég veit að ég tala fyrir hönd allra að við munum auðvitað sakna ykkar sem eftir verða, en hver veit nema við notum hér aðstöðuna og mætum á pallana einhvern tímann til að fylgjast með störfum nýrrar borgarstjórnar. Það væri svona hin hliðin á málinu. En ég vil líka segja að lokum að ég óska nýrri borgarstjórn til hamingju, og sérstaklega ykkur hérna sem náðuð endurkjöri eins og sagt er, og við sem erum á faraldsfæti, við óskum ykkur gæfuríkra starfa í þágu borgarinnar og þágu íbúa borgarinnar og þeirra mörgu hagsmunamála og velferðarmála sem þarf að sinna og ég treysti borgarstjórninni vel til þess að sinna því verki með góðum hætti. Borgin er öflugt fyrirtæki, stendur vel og hefur sterka stjórnsýslu þannig að þegar það helst í hendur við hæfileikaríka borgarfulltrúa, þá þurfum við ekki að óttast. Enda sjáum við það núna í dag að þrátt fyrir mikla erfiðleika í samfélaginu, þá er borgin öflug, hún er sterk og hún hefur staðið sig með miklum sóma í þessum erfiðleikum sem á þjóðinni hafa dunið.

Þetta verða lokaorð mín sem forseta og nú tek ég af skarið og segi að fundi borgarstjórnar er slitið klukkan 15:33 [forseti slær í bjöllu].